

Kennsluáætlun í reikningi og talnalæsi - 1.bekkur 2025-2026

Waldorfskólinn Sólstaðir

Kennari: Guðrún Benónýsdóttir

Kennsla í reikningi / talnalæsi fer fram á 5 vikum á haustönn og tveimur lotum á vorönn. (sjá lotur á stundaskrá 1. bekkjar) Að auki er fastur reiknings tími einu sinni í viku allt árið.

Kennsluaðferðir og efni: Unnið með frásagnarformið, sögur og ævintýri. Unnið með rythmatalningu með handaklappi og fótastappi. Lært í gegnum leiki og spil. Teningar, spilastokkar, steinar og annar náttúrulegur efniviður nýttur.

Markmið: Að nemendur - læri að telja og þekkja tölur, bæði rómversku og arabísku

- læri að telja upp í 100 og afturábak frá 20
- þekki oddatölur og sléttar tölur
- læri að telja annan hvern tölustaf, þriðja hvern og fjórða hvern
- Unnið með tugakerfið upp í 100.
- þekki reikningsaðferðirnar fjórar, plús, mínus, margföldun og deilingu -
- geti leyst einföld hugarreikningsdæmi
- Hugtaka vinna, hvað er stærst og minnst, þyngst og léttast
- Árið skoðað, mánuðir, vikur og dagar.
- Hringur, þríhyrningur, ferhyrningur, sexhyrningur og fleiri geometrísk form skoðuð.

Námsmat: Virkni og þátttaka í tímum. Vinnubrögð og frágangur.

Talnaskilningur. Samskipti við samnemendur, kennara og skólaliða.

Sjá má hæfniviðmið á vefsíðu skólans: waldorf.is